

**Hafrannsóknastofnun**

**04 406**

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Hafrannsóknastofnun**

**kt. 470616-0830**

**Fornbúðum 5, 220 Hafnarfirði**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hafrannsóknastofnun er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsóknna og gegnir lögum samkvæmt mikilvægu ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu auðlinda hafs og vatna. Stofnunin hefur þrjúþætt hlutverk; að stunda rannsóknir á hafinu, ferskvatni og lífríki hafs og vatna, að veita ráðgjöf til stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu auðlinda og miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 13,2 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 4.222,0 milljónir og afkoma kr. 45,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -109,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.552,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hafrannsóknastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hafrannsóknastofnunar fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Þorsteinn Sigurðsson  
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	3.024.600.000	2.906.700.000
Seld þjónusta .....	3	200.265.742	79.341.467
Vörusala .....	4	189.518.049	279.498.814
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	557.837.708	728.402.977
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	249.770.233	235.006.232
<b>Tekjur samtals</b>		<b>4.221.991.732</b>	<b>4.228.949.490</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	6	2.573.388.482	2.696.007.058
Framlög og tilfærslur .....		34.870.460	35.338.529
Annar rekstrarkostnaður .....	7	1.317.403.069	1.219.607.828
Afskriftir .....	8	249.770.233	235.006.232
<b>Gjöld samtals</b>		<b>4.175.432.244</b>	<b>4.185.959.647</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>46.559.488</b>	<b>42.989.843</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	9	3.659.262	12.398.224
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	10	(4.761.508)	(6.559.239)
		(1.102.246)	5.838.985
<b>Afkoma ársins</b>		<b>45.457.242</b>	<b>48.828.828</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	40.627.702	44.067.357
Rekstrartilfærslur .....		4.829.540	4.761.471
		<b>45.457.242</b>	<b>48.828.828</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður .....		797.640.422	772.234.656
Farartæki og vélar .....		1.130.888.816	1.243.856.215
Fasteignir .....		2.862.490	0
Aðrar eignir .....		3.831.621	3.678.284
		<u>1.935.223.349</u>	<u>2.019.769.155</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	12	531.204	531.204
		<u>531.204</u>	<u>531.204</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>1.935.754.553</u>	<u>2.020.300.359</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	13	155.777.854	125.156.623
Tengdir aðilar .....	14	428.823.254	119.458.582
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	15	6.912.278	4.428.201
Handbært fé .....	16	24.845.093	7.321.338
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>616.358.479</u>	<u>256.364.744</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>2.552.113.032</u>	<u>2.276.665.103</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	17		
Hrein eign .....		(109.909.340)	(155.366.582)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(109.909.340)</u>	<u>(155.366.582)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	14	348.015.343	4.116.263
Viðskiptaskuldir .....	18	128.520.431	93.423.678
Ýmsar skammtímaskuldir .....	19	292.486.776	423.073.643
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	20	1.892.999.822	1.911.418.101
<b>Skuldir samtals</b>		<u>2.662.022.372</u>	<u>2.432.031.685</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>2.552.113.032</u>	<u>2.276.665.103</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	21		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		45.457.242	48.828.828
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	249.770.233	235.006.232
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(249.770.233)	(235.006.232)
		<u>45.457.242</u>	<u>48.828.828</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(33.105.308)	(63.211.956)
Tengdir aðilar .....		73.409.981	(229.563.604)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(95.490.114)	26.076.799
		<u>(55.185.441)</u>	<u>(266.698.761)</u>
		<u>(9.728.199)</u>	<u>(217.869.933)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	11	(165.224.427)	(214.256.819)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	2.976.889
		<u>(165.224.427)</u>	<u>(211.279.930)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Eignir fluttar frá 04-501 .....		27.251.954	0
Tengdir aðilar .....		0	3.079.930
Fjárfestingarframlag .....		165.224.427	208.200.000
		<u>192.476.381</u>	<u>211.279.930</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		17.523.755	(217.869.933)
		<u>7.321.338</u>	<u>225.191.271</u>
		<u>24.845.093</u>	<u>7.321.338</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur Hafrannsóknastofnunnar koma til vegna sölu á afla, sölu á þjónustu og vegna styrkja.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrningu og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningu.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrningu. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.

# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Skip og bátar .....	10-30 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



# Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	3.024.600.000	2.906.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	249.770.233	235.006.232
	<u>3.274.370.233</u>	<u>3.141.706.232</u>

## Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	2.984.000.000	39.700.000	0	3.023.700.000
Millifært úr varasjóð .....	900.000	0	0	900.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>2.984.900.000</b>	<b>39.700.000</b>	<b>0</b>	<b>3.024.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ....	(2.944.272.298)	(34.870.460)	0	(2.979.142.758)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>40.627.702</b>	<b>4.829.540</b>	<b>0</b>	<b>45.457.242</b>

## 3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta .....	194.910.084	79.306.468
Veitinga- og gistipjónusta .....	5.355.658	0
Fræðslustarfsemi og fundir .....	0	35.000
	<u>200.265.742</u>	<u>79.341.467</u>

## 4 Vörusala

Seldur afli .....	189.518.049	279.498.814
	<u>189.518.049</u>	<u>279.498.814</u>

## 5 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	86.839.040	27.488.636
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	394.878.617	564.607.672
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	24.511.131	23.489.496
Ýmsar tekjur .....	51.608.920	112.817.173
	<u>557.837.708</u>	<u>728.402.977</u>

## 6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	2.118.598.052	2.164.229.924
Orlof, breyting .....	(34.702.363)	31.259.322
Launatengd gjöld .....	473.824.886	488.161.297
Starfsmannakostnaður .....	15.667.907	12.356.515
	<u>2.573.388.482</u>	<u>2.696.007.058</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	185,0	192,9

## Skýringar

	2021	2020
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	4.469.997	4.169.964
Byggingarvörur, almennar ....	3.208.404	3.071.920
Byggingarvörur, aðrar ....	2.447.119	731.615
Tæki og búnaður til innréttinga ....	2.580.871	2.511.742
Ýmis tæki og áhöld ....	41.909.763	27.357.271
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	41.396.038	18.637.331
Orkugjafar ....	185.741.818	206.755.796
Matvæli ....	45.474.649	48.382.236
Almennar rekstrarvörur ....	14.744.139	17.413.700
Vörukaup, almenn	341.972.798	329.031.575
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar ....	44.609.150	25.354.701
Rannsóknarstofuefni ....	67.804.663	46.404.152
Ýmsar sérgreindar vörur ....	1.057.155	1.401.200
Vörukaup, sérgreind	113.470.968	73.160.053
Fundir, námskeið, risna ....	14.566.499	4.326.535
Ferðir, uppihald ....	41.440.037	35.185.181
Akstur ....	6.670.590	6.422.312
Sérfræðipjónusta ....	161.104.266	100.741.417
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	401.153	691.428
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	1.738.340	3.101.479
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	65.108.110	53.631.366
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	291.028.995	204.099.718
Afnotagjöld ....	85.392.394	94.799.528
Leigugjöld ....	216.477.905	196.602.479
Notkun véla og flutningatækja ....	45.807.020	59.193.876
Verkkaup ....	201.489.483	241.808.519
Kostnaðarhlutdeild ....	296.454	5.086.405
Áhættutap og bætur ....	166.800	0
Tryggingar, lögboðnar ....	15.948.925	11.642.753
Opinber gjöld ....	5.351.327	4.182.922
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	570.930.308	613.316.482
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.317.403.069	1.219.607.828
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	121.021.371	99.692.395
Farartæki og vélar ....	128.257.399	126.548.596
Aðrar eignir ....	491.463	448.477
Sölutap og úrehtar eignir ....	0	8.316.764
	249.770.233	235.006.232

## Skýringar

	2021	2020
<b>9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður</b>		
Ýmsar fjármunatekjur .....	3.659.262	12.398.224
	<u>3.659.262</u>	<u>12.398.224</u>
<b>10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</b>		
Fjármagnskostnaður .....	289.579	2.167.793
Gengistap, verðbreytingar .....	4.471.929	4.391.446
	<u>4.761.508</u>	<u>6.559.239</u>
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
<b>11 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	797.640.422	772.234.656
Farartæki og vélar .....	1.130.888.816	1.243.856.215
Fasteignir .....	2.862.490	0
Aðrar eignir .....	3.831.621	3.678.284
	<u>1.935.223.349</u>	<u>2.019.769.155</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Skip og bátar	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir
Staða 01.01.2021 .....	1.118.039.494	2.703.103.147	83.811.547	0	4.679.770
Viðbætur á árinu .....	146.427.137	0	15.290.000	2.862.490	644.800
Eignir fluttar frá 04-501 .....	14.640.921	0	0	0	0
Selt/úrelt á árinu .....	(337.836)	0	0	0	0
	<u>1.278.769.716</u>	<u>2.703.103.147</u>	<u>99.101.547</u>	<u>2.862.490</u>	<u>5.324.570</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	345.804.838	1.519.299.370	23.759.109	0	1.001.486
Afskrift ársins .....	121.021.371	117.641.055	10.616.344	0	491.463
Eignir fluttar frá 04-501 .....	14.640.921	0	0	0	0
Selt/úrelt á árinu .....	(337.836)				
	<u>481.129.294</u>	<u>1.636.940.425</u>	<u>34.375.453</u>	<u>0</u>	<u>1.492.949</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>797.640.422</u>	<u>1.066.162.722</u>	<u>64.726.094</u>	<u>2.862.490</u>	<u>3.831.621</u>

## Skýringar

### 12 Eignarhlutir í öðrum félögum

#### Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð):

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
Rannsókn- og háskólanet Íslands hf .....	2%	100.000	100.000
Optitog ehf. ....	18%	90.896	81.204
		190.896	181.204

#### Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):

Háskólaásetur Vestfjarða ses .....	3%	150.000	150.000
Þekkingasetur Vestmanneyja ses .....	3%	200.000	200.000
		350.000	350.000
		540.896	531.204

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

	31.12.2021	31.12.2020
<b>13 Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	155.777.854	125.156.623
	155.777.854	125.156.623
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum .....	121.043.391	84.096.099
Viðskiptakröfur í erlendri mynt .....	34.734.463	41.060.524
	155.777.854	125.156.623

### 14 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### *Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	278.823.254	118.098.582
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	150.000.000	1.360.000
	428.823.254	119.458.582

#### *Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	348.015.343	4.116.263
	348.015.343	4.116.263

### 15 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	6.912.278	4.428.201
	6.912.278	4.428.201

## Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
<b>16 Handbært fé</b>		
Tékkareikningar .....	24.845.093	7.316.340
Sparisjóðsreikningar .....	0	4.998
	<u>24.845.093</u>	<u>7.321.338</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 357,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## 17 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	(155.366.582)	(215.795.402)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	11.599.992
Afkoma ársins .....	45.457.242	48.828.828
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(109.909.340)</u>	<u>(155.366.582)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## 18 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir .....	128.520.431	93.423.678
	<u>128.520.431</u>	<u>93.423.678</u>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum .....	106.200.141	90.000.447
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt .....	22.320.290	3.423.231
	<u>128.520.431</u>	<u>93.423.678</u>

## 19 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	257.736.653	292.439.016
Önnur ógreidd gjöld .....	18.815.192	127.850.500
Skattar .....	15.934.931	2.784.127
	<u>292.486.776</u>	<u>423.073.643</u>

## Skýringar

### 20 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	1.935.223.349	2.019.769.155
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(42.223.527)	(108.351.054)
	<u>1.892.999.822</u>	<u>1.911.418.101</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	2.019.769.155	(108.351.054)	1.911.418.101
Eignir fluttar frá 04-501 .....	0	27.251.954	27.251.954
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	204.100.000	204.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	165.224.427	(165.224.427)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(249.770.233)	0	(249.770.233)
	<u>1.935.223.349</u>	<u>(42.223.527)</u>	<u>1.892.999.822</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 266,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

### 21 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði sem eru ótímabundnir og nemur árleg greiðsla vegna húsaleigu kr. 186 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.